



16. maí 2017  
Tilv.: 1705033


Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 10 maí sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, nr. 37/2016, með síðari breytingum (úttektarheimildir), 505. mál.

Seðlabankinn átti ríkan þátt í samningu frumvarpsins og greinargerðarinnar með því. Bankinn telur því ekki tilefni til ítarlegrar umsagnar, en telur þó rétt að ítreka það sem fram kemur í greinargerðinni að um er að ræða ívilnandi breytingar á þeim takmörkunum sem í gildi eru samkvæmt lögum nr. 37/2016 og að breytingarnar stangast hvorki á við stjórnarskrá né alþjóðlegar skuldbindingar. Þvert á móti miða þær að því að samræma ákvæði laga nr. 37/2016 ákvæðum stofnskrár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ísland er meðal stofnaðila sjóðsins og hefur undirgengist skilyrði stofnskrárinnar.

Með vísan til framangreinds styður Seðlabanki Íslands samþykkt frumvarpsins.

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Guðmundur Sigbergsson  
starf. frkvstj. gjaldeyriseftirlits

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 • 101 REYKJAVÍK

SÍMI 569 9600 NETFANGI [seðlabanki@seðlabanki.is](mailto:seðlabanki@seðlabanki.is) BRÉFASÍMI 569 9605



22. maí 2017  
1705033

Nefndarsvið Alþingis  
[nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
1150 Reykjavík

*Efni:* Viðbótarumsögn í 505. máli á 146. löggjafarþingi: meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum.

Seðlabanki Íslands skilaði umsögn, dags. 16. maí sl., um frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, nr. 37/2016, með síðari breytingum (úttektarheimildir). Eins og fram kemur í umsögninni átti Seðlabankinn ríkan þátt í samningu frumvarpsins og greinargerðar sem með því fylgdi. Eftir að frumvarpið var lagt fram barst álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á breytingum sem þar eru lagðar fram um hvort þær nægðu til þess að Ísland teldist ekki lengur takmarka greiðslur sem falla undir viðskiptajöfnuð (e. current account). Það er álit hennar að lokagreiðsla jafngreiðslubrifa teljist einnig til hóflegra (e. moderate) afborgana lánaskuldbindinga og falli þar af leiðandi undir viðskiptajafnaðargreiðslur samkvæmt stofnskrá sjóðsins. Að öllu óbreyttu er því ljóst að sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu nægir líklega ekki til þess að hljóta jákvæða umsögn sjóðsins um skuldbindingar Íslands samkvæmt stofnskrá sjóðsins, en umsögnin er væntanleg í lok júní á þessu ári. Með vísan til þess leggur Seðlabankinn til að 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

*Heimilt er að taka út áfallnar greiðslur vegna vaxta, verðbóta vaxta, arðs og samningsbundinna afborgana höfuðstóls lánaskuldbindinga, annarra en eingreiðslulánaskuldbindinga, og verðbætur þeirra. Tilkynna skal Seðlabanka Íslands um úttekt skv. 1. málsl. innan fimm virkra daga frá því að hún átti sér stað.*

SEÐLABANKI ÍSLANDS


KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI 569 9600 · NETFANG [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is) · BRÉFASÍMI 569 9605

Breytingin felur í sér að úttektir vegna samningsbundinna afborgana af reikningum sem háðir eru sérstökum takmörkunum eru aðeins heimilar vegna afborgana lánaskuldbindinga sem fela í sér skilgreindar reglulegar afborganir höfuðstóls og einnig á lokagjalddaga en þó ekki vegna lánaskuldbindinga sem aðeins fela í sér eingreiðslu á gjalddaga.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Guðmundur Sigbergsson  
starf. frkvstj. gjaldeyriseftirlits